



Öryggisáætlun
Grunnskóla Seltjarnarness
2015-2017

Efnisyfirlit

1. Öryggisráð Grunnskóla Seltjarnarness	2
2. Röskun á skólastarfi vegna óveðurs / hamfara	2
2.1 Reglur sem gilda í óveðri.....	2
2.2 Stórslys/ náttúruhamfarir.....	3
3. Áfallaáætlun grunnskóla Seltjarnarness.....	3
4. Viðbragðsáætlun vegna Inflúensufaraldurs.....	4
5. Rýmingaráætlun.....	4
6. Kort af gönguleiðum í og frá skóla – umferðarmál.....	5
7. Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi	5
8. Verklagsreglur vegna nemenda með fjölþættan vanda.....	6
9. Móttaka nýrra starfsmanna	6
10. Að lokum	6

1. Öryggisráð Grunnskóla Seltjarnarness

Öryggisráð skólans skipa 6 starfsmenn hverju sinni auk skólastjóra. Tvö ráð eru starfandi annars vegna öryggisráð í unglingadeild (Valhúsaskóla) og hins vegar öryggisráð á yngsta og miðstigi (Mýrarhúsaskóla). Kosið er í öryggisráð á starfsmannafundi í lok hvers skólaárs fyrir komandi skólaár.

Öryggisráð skólans skólaárið 2015 – 2017 er skipað eftirfarandi starfsmönnum á unglingastigi: Móeiður Gunnlaugsdóttir myndmenntakennari, Hafsteinn Jónsson húsvörður, Helga Kr. Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri. Á yngsta og miðstigi skipa ráðið: Hafsteinn Jónsson húsvörður, Árni Árnason smíðakennari og Ólína Thoroddsen skólastjóri.

Öryggisráð yfirfer allan búnað og öryggi bæði nemenda og starfsmanna í skólahúsnæðinu þrisvar sinnum á ári, í september, janúar og júní. Stuðst er við leiðbeiningar frá Vinnueftirlitinu (vinnu-umhverfivísí fyrir skóla). Niðurstöður yfirferðarinnar og aðgerðaráætlun er birt á vefsíðu skólans <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/aaetlanir/>.

Öryggisráðið skilar skýrslu til skólastjóra og skólaráðs að lokinni yfirferð og vinnur aðgerðaráætlun í samráði við skólastjóra. Skýrslurnar eru lagðar fyrir skólaráð árlega.

Öryggisráð fundar að minnsta kosti tvisvar sinnum á önn eða oftari ef þurfa þykir.

Öryggisráð sér til þess að allar upplýsingar, er varða öryggi nemenda og starfsfólks, séu aðgengilegar fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra.

Öryggisráð útbýr öryggismöppu sem er aðgengileg hjá ritara. Í öryggismöppunni er að finna nánari upplýsingar um þá þætti sem eru kynntir í þessari áætlun auk þess sér öryggisráðið um skráningar í eftirlitsbók.

2. Röskun á skólastarfi vegna óveðurs / hamfara

Skólinn er opinn og starfar alla daga samkvæmt skóladagatali nema Almannavarnir ríkisins aflýsi skólahaldi vegna aftakaveðurs eða annarra hamfara. Ef forráðamenn telja veður viðsjált er þeim heimilt að halda börnum sínum heima enda hvílir ábyrgðin fyrst og fremst á foreldrum og forráðamönnum. Slíkar fjarvistir skal tilkynna eins og önnur forföll.

Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þurfa foreldrar að sækja börn sín eða tryggja þeim heimför í samráði við skólann. Skólinn sendir börn ekki heim í slíkum tilvikum án samráðs við foreldra.

Þegar óveður geisar getur orðið röskun á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks við að komast til skóla, en skólinn verður alltaf opnaður og leitast við að halda uppi eðlilegu skólastarfi.

2.1 Reglur sem gilda í óveðri

- Skólahúsnæðið er opnað um leið og fyrsti starfsmaður mætir.
- Allar upplýsingar eru settar á heimasíðu skólans eins fljótt og unnt er.

- Foreldrar eru beðnir um að tilkynna fjarvistir.
- Tölvupóstur er sendur til foreldra eins fljótt og auðið er t.d. ef þeir þurfa að ná í nemendur að loknum skóladegi.
- Börn sem mæta í skólann eru þar á ábyrgð starfsmanna.
- Ætlast er til að foreldrar fylgi börnum sínum inn í skólann og sæki þau inn í skólann í lok skóladags.
- Nemendur fá ekki leyfi til að hringja í foreldra sína og biðja um að vera sótt.
- Foreldrum er heimilt að sækja börn sín áður en skólatíma lýkur.
- Nemendur eru inni í frímínútum á ábyrgð starfsmanna.
- Skólaskjólíð er opið samkvæmt auglýstum opnunartíma.

Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á leið í og úr skóla. Það er því alfarið mat foreldra á veðri og mat þeirra á tilmælum sem kunna að birtast í fjölmiðlum (t.d. frá lögreglu) sem ræður því hvort þeir senda börn sín í skólann eða halda þeim heima.

Nánari upplýsingar um röskun á skólastarfi vegna óveðurs er að finna á heimasíðu skólans, á slóðinni <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/foreldrar/vidbrogd-vid-ovedri/>

2.2 Stórslys/ náttúruhamfarir

Ef stórslys verður eða náttúruhamfarir er eftirfarandi ferli fylgt.

1. Skólastjóri/ áfallaráð aflar upplýsinga um það á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum.
2. Haft verður samband við viðeigandi upplýsingamiðstöð, t.d. kirkjuna eða RKÍ.
3. Aflað verður upplýsinga í stórslysaáætlun hjá Seltjarnarnesbæ.

3. Áfallaáætlun grunnskóla Seltjarnarness

Við Grunnskóla Seltjarnarness er starfandi áfallaráð. Þar sitja eftirtaldir aðilar: skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingar og ritarar. Sóknarprestur Seltjarnarness og skólasálfræðingar koma að málum þegar þess er óskað. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kallar áfallaráð saman og því skal óskum um afskipti áfallaráðs beint til stjórnenda. Áfallaráð er bundið trúnaði.

Hlutverkverk áfallaráðs felst m.a. í forvörnum og forvinnu. Áfallaráð sér um að móta vinnureglur um hvernig bregðast eigi við áföllum sem skólasamfélagið ræður ekki við að leysa með hefðbundnum hætti. Vinnureglurnar eru endurskoðaðar á fyrsta vinnufundi ráðsins ár hvert. Áfallaráð kynnir áfallaáætlunina árlega fyrir starfsmönnum skólans. Áfallaráð safnar bókum, greinum og öðrum gögnum um áföll og sorgarvinnu barna og er starfsmönnum skólans til leiðbeiningar um notkun þeirra.

Ef áföll verða kemur áfallaráð saman og vinnur með skólastjóra að því að skipuleggja viðbrögð skólans. Áfallaráð er kennurum og öðrum starfsmönnum skólans til ráðgjafar um viðbrögð við áföllum og kemur beint að málum þegar þess er óskað.

Allar nánari upplýsingar um viðbrögð skólans við áföllum er að finna í áfallaáætlun sem birt er í heild sinni á vefsíðu skólans. <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/grunnskolinn/myndir-09-valo/afallaaetlun-09.pdf>

Undirkaflar áfallaáætlunar eru:

1. Áfall og fyrstu viðbrögð
Upplýsingar um hvaða ferli fer í gang þegar áfall ríður yfir.
2. Dæmi um viðbrögð
Ólík áföll geta dunið yfir og hér er að finna dæmi um viðbrögð við mismunandi áföllum.
3. Áframhaldandi stuðningur eftir áfallið
4. Viðbrögð við alvarlegum slysum á börnum á skólatíma
Upplýsingar um hvernig brugðist er við þegar nemendur slasast. Sjá <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/aaetlanir/>.
5. Viðbrögð við alvarlegum slysum á starfsfólki á skólatíma.
Upplýsingar um hvernig brugðist er við þegar starfsfólk slasast. Sjá <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/aaetlanir/>.
6. Viðbrögð við óveðri
Grunnupplýsingar sem komið hafa fram hér að framan.
7. Stórslys/ náttúruhamfarir
Upplýsingar sem einnig hafa komið fram hér að framan.
8. Bækur um sorg og sorgarviðbrögð
Hér er að finna lista yfir aðgengilegar bækur um efnið.
9. Áfallaráð Grunnskóla Seltjarnarness
Upplýsingar um hverjir sitja í ráðinu og hvernig hægt er að ná í þá.

4. Viðbragðsáætlun vegna Inflúensufaraldurs

Haustið 2009 var unnin viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs. Áætlunina er að finna á vefsíðu skólans http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/grunnskolinn/myndir-09-valo/09_vidbragdsaaetlun-GS-MNR_lok.pdf

5. Rýmingaráætlun

Unnið hefur verið að gerð nýrrar rýmingaráætlunar fyrir skólann. Rýmingaráætlun fyrir bæði skólahúsin er að finna á vefsíðu skólans.

Rýmingaráætlun fyrir Mýrarhúsaskóla:

http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/grunnskolinn/myndir-09-valo/ryming_myro2.pdf

Rýmingaráætlun fyrir Valhúsaskóla:

http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/grunnskolinn/myndir-09-valo/ryming_valo.pdf

6. Kort af gönguleiðum í og frá skóla – umferðarmál

Í skólanum er lögð áhersla á öryggi gangandi vegfarenda og því er mjög vel fylgst með umferð í kringum skólann. Fyrir nokkrum árum var einnig gert kort til að leiðbeina vegfarendum um gönguleiðir til og frá skólanum. Kortið er að finna á vefsíðu skólans:

http://www.seltjarnarnes.is/media/grunnskolin/myro-myndir-0809/Kort_2200.428_profork_3.pdf

7. Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi

Til þess að sporna við einelti hafa skólayfirvöld, starfsfólk, nemendaráð og foreldraráð Grunnskóla Seltjarnarness lýst því yfir að einelti eða annað ofbeldi verði ekki liðið í skólanum. Lagt er kapp á að leita ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Skólinn á Seltjarnarnesi á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Eineltisráð er skólastjóra til fulltingis í þessum málum.

Eineltisáætlun skólans er m.a. að finna í handbók foreldra á vefsíðu skólans (<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/starfid/vitinn---skolahandbok/>) og einnig undir hlekknum áætlanir (<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/aaetlanir/>)

Helstu undirkaflar eineltisáætlunarinnar eru:

1. Stefna í eineltismálum
2. Skilgreiningar á einelti og ofbeldi
4. Fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við einelti
- 4.1. Nemendur
- 4.2. Foreldrar
- 4.3. Starfsfólk
5. Hvernig tekið er á einelti
6. Hvernig tekið er á ofbeldi
7. Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála

Eineltisáætlun starfsfólks er einnig að finna á vefsíðu skólans undir hlekknum áætlanir. Við gerð eineltisáætlunar fyrir starfsfólk var stuðst við bækling Reykjavíkurborgar Áreitni og einelti. Sjá nánar: <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/aaetlanir/>

8. Verklagsreglur vegna nemenda með fjölþættan vanda

Í nóvember 2009 voru unnar í sveitarfélaginu verklagsreglur vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda, reglurnar verða endurskoðaðar og uppfærðar haustið 2015. Markmiðið með verklagsreglunum er að skýra ferla, ábyrgð og hlutverk einstakra stofnana Seltjarnarnesbæjar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er mikill. Nýjar verklagsreglurnar verða birtar á vefsíðu skólans: <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/starfid/skolareglur/verklagsreglur/>

9. Móttaka nýrra starfsmanna

Við móttöku á nýju starfsfólki er stuðst við verklagsreglur sem settar voru upphaflega árið 2009 en eru uppfærðar reglulega. Verklagsreglurnar eru tvískiptar og er að finna á vef skólans.

10. Að lokum

Við gerð þessarar skýrslu var lögð áhersla á að allar upplýsingar væru gerðar aðgengilegar á vefsíðu skólans og gætu nýst starfsfólki bæði heima og í vinnu. Sé frekari upplýsinga óskað þá hvetjum við fólk til að vera í sambandi við fulltrúa í öryggisnefnd.

Júní 2015

Ólína Thoroddsen
skólastjóri

Fyrir hönd Mýrarhúsaskóla:

Hafsteinn Jónsson húsvörður og öryggisvörður
Árni Árnason smíðakennari og öryggistrúnaðarmaður
Ólína Thoroddsen skólastjóri

Fyrir hönd Valhúsaskóla:

Hafsteinn Jónsson húsvörður og öryggisvörður
Móeiður Gunnlaugsdóttir myndmenntakennari og
öryggistrúnaðarmaður
Helga Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri